



**Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga  
og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka  
fyrir árið 2002**





## Ársskýrsla Byggðasafns Árneseinga 2002

Helsta verkefni ársins 2002 var bygging og flutningur innri starfsemi safnanna í nýbyggt þjónustuhús. Safninu var afhent húsið þann 19. apríl og er í því skrifstofa og glæsileg aðstaða til varðveislu safngripa. Stór hluti af starfi ársins fór í að koma skrifstofuhaldi og safnmunum fyrir í þjónustuhúsinu. Félag íslenskra safna og safnamanna og Íslandsdeild ICOM veittu safninu Íslensku safnaverðlaunin 2002 fyrir metnaðarfullt innra starf og byggingu þjónustuhússins.

Að öðru leyti var starfsemi safnanna á Eyrarbakka með hefðbundum hætti. Fjórar sýningar voru haldnar í borðstofu Hússins, gestafjöldi varð um 5100, töluvert barst af munum til safnanna og má þar merkast nefna vatnslitamyndir eftir dönsku myndlistarkonuna Agnesi Lunn og tvo árabáta til Sjóminjasafnsins. Þjónustusamningur um rekstur Sjóminjasafnsins var í gildi og framlengdur til ársloka 2003.

### Stjórn og starfsmenn

Í stjórn Byggðasafns Árneseinga sitja nú Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson formaður, Sigurður Steindórsson varaformaður og Helga Teitsdóttir ritari. Stjórn safnsins fundaði fimm sinnum á árinu.

Safnstjóri í fullri stöðu er Lýður Pálsson. Í 50% stöðu safnvarðar var Margrét Hallmundsdóttir. Þeim til aðstoðar við gæslu og annað tilfallandi voru Nanna Bára Maríasdóttir og Erlingur Brynjólfsson. Við Sjóminjasafnið störfuðu við gæslu hjónin Agnes Karlsdóttir og Hörður Jóhannsson.

## **Þjónustusamningur um rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka**

Í gildi var þjónustusamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Byggðasafns Árnesinga um rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Gilti samningurinn til 31. desember 2002 og var daglegur rekstur Sjóminjasafnsins í höndum Byggðasafns Árnesinga.

Safnstjóri skrifaði greinargerð af reynslu samrekturs safnanna fyrir Menningarnefnd Árborgar og var samningurinn framlengdur um eitt ár til loka árs 2003.

### **Opnunartímar og aðsókn 2002**

Á söfnunum var opið kl. 14-17 um helgar í apríl, maí, september og október og opið alla daga kl. 10-18 í júní, júlí og ágúst. Jafnframt var tekið á mótí fjölmörgum hópum utan auglýsts opnunartíma.

Heildargestafjöldi var tæplega 5100 sem var nokkuð svipað og árið 2001.

### **Sýningar og helstu viðburðir**

Í júní var í borðstofu Hússins sett upp sýningin "Ísland 1951. Ljósmyndir Hans Malmberg". Á sýningunni voru ljósmyndir frá 1951 eftir sænska ljósmyndarann Hans Malmberg sem ferðaðist um Ísland þetta umrædda ár og gaf í kjölfarið út ljósmyndabók með þessu nafni. Sýningin kom frá Þjóðminjasafni Íslands.

Á norðurlofti Assistentahúss var tekin niður sýningin um Flóaáveituna en í staðinn sett upp sýning til að standa í eitt ár "Sithvað um selinn" sem fjallar um þá merku skepnu selinn, útbreiðslu um Ísland, þjóðsögur og hlunnindi mannsins af honum. Blandað var saman safngripum tengdum selnum, sögum og sögnum og uppstoppuðum selum frá náttúrugripadeild Byggðasafnsins.

Á Jónsmessuhátíð Eyrarbakka var boðið upp á lifandi tónlist í daglegu stofunni. Hjalti Þórðarson frá Reykjum á Skeiðum sat við píanóið og var spilað úr "fjárlögunum".

Safnadagurinn var haldinn 14. júlí að tilhlutan ICOM á Íslandi og Félags íslenskra safnamanna. Í stofunni var spunnið á rokk og sýnd ullarhandbrögð liðinna tíma en við píanóið sat Ingi Heiðmar Jónsson sem sá um tónlistardagskrá. Einsöngvari var Hjalti Þórðarson frá Kvíarhóli í Holtum. Á vegum Sjóminjasafnsins var gengið um Eyrarbakka.

Í septemberbyrjun var í borðstofu sett upp sýningin "Læknir lækna sjálfan þig" þar sem kynnt voru áhöld lækna og ljósmæðra sem söfnin varðveita. Meðal sýningargripa var skatthol síðasta hospitalhaldarans í Kaldaðarnesi, Hannesar Jónssonar.

Fyrirlestraröðin *Byggð og menning* var haldin á haustmánuðum í sameiningu af söfnunum á Eyrarbakka. Sérstakt þema var í boði, "Skóli í 150 ár" í tilefni 150 ára afmælis Barnaskólans á Eyrarbakka. Samstarfsaðilar voru Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Sögufélag Árnesinga, Fræðslunet Suðurlands og ReykjavíkurAkademían.

Fyrirlesarar voru Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur sem fjallaði um upphaf Barnaskólans á Eyrarbakka, Óskar Magnússon og Theódór Guðjónsson fyrrv. skólastjórar sem fjölluðu um skólahald í þorpunum tveimur á 20. öld, Guðjón Friðriksson sagnfræðingur sem sagði frá Jóni Sigurðssyni forseta og skólastefnu hans og Örn Daníel Jónsson prófessor sem fjallaði um upplýsingaflæðið í upphafi 21. aldar.

Á haustdögum var að frumkvæði Guðrúnar Ásmundsdóttur sem rekur ferðapjónustuna Ferð og sögu ehf boðið upp á dagskrá um Einar Benediktsson skáld. Flytjendur voru Guðrún Ásmundsdóttir, Eyvindur Erlendsson, Guðríður Júlíusdóttir og Margrét H. Hallmundsdóttir, auk undirleikara sem oftast var Haukur Guðlaugsson.



Undirleikari, Guðrún Ásmundsdóttir og Guðríður Júlíusdóttir flytja dagskrá um Einar Benediktsson.

Dagskráin öll tekur hálfan dag og er komið við á helstu viðkomu- og dvalarstöðum Einars Benediktssonar og endar í Húsinu á Eyrarbakka. Einar Benediktsson var þar gestur í amk. eitt skipti eða eins og í vísu hans frá 13. maí 1903 segir:

*Við opna brimströnd og auðan sjó  
Um aldir fólkið hjer lifði og dó -  
Og hjeraðið breiddi sig frjósamt og frítt,  
en fólkið stóð kyrt – og hræddist allt nýtt.*

*Framtímans menn munu sjá þennan sjó  
Með siglur og reiða – þjett sem í skóg,  
Stendur trje við trje. Þá hjer byggist höfn,  
sem hafbrimið stöðvar þó ýfist dröfn.*

*Jeg vildi mjer auðnaðist allt þetta að sjá,  
- jeg óska jeg mætti sjá Bakkann þá  
og heilsa yður aptur, húsfúra prýði,  
með hjartað ungt – þó tímarnir líði.*

*Eyrarbakka 13. maí 1903  
Einar Benediktsson*

*Til Frú Eugeniu Nielsen.*

Í byrjun október aðstoðaði starfsfólk safnanna fyrirtækið Hólmaröst ehf við að stilla upp sýningu á gripum úr fórum Páls Ísólfssonar í gamla frystihúsinu á Stokkseyri. Má segja að með því hafi opnað fyrsti vísir að Tónminjasetri Íslands.

Í október aðstoðaði starfsfólk safnanna afmælisnefnd Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri og Minnisstöðina við að setja upp veglega sýningu á ljósmyndum og munum frá 150 ára skólastarfi í Óðinshúsi á Eyrarbakka. Söfnin gáfu barnaskólanum í afmælisgjöf litla en mjög táknræna gjöf afleggjara af 150 ára gamalli pelagóníu sem faktorsfrú ein færði í Húsið um svipað leyti og skólinn var stofnaður.

Jólasýningin var sett upp í desemberbyrjun að vanda og sóttu skólahópar sýninguna fram yfir jól. Gömul jólatré og brúður af hrekkjóttum jólasveinum settu svip á sýninguna. Safnstjóri fól fyrirtækinu Alvöru ehf að hanna á sig búning í sauðalitum til að lífga upp á jólastemminguna. Féll það í góðan jarðveg safngesta.

### **Viðhald Hússins á Eyrarbakka**

Á árinu var ráðist í það að mála Assistentahúsið að nýju með sama lit og áður en annarri og hentugri málningargerð. Jafnframt voru gluggar málaðir og borið var á þak Hússins. Hörður Lúðvíksson málaramestari á Selfossi sá um verkið undir ráðgjöf Haraldar Helgasonar arkitekts og deildarstjóra hjá Þjóðminjasafni Íslands.

Í lok ársins hóf Guðjón Stefán Kristinsson skruðgarðyrkjumeistari viðgerðir á garðinum fyrir framan Húsið. Var garðhleðslan illa farin og hrunin á köflum og beinlínis hættuleg gangandi fólki. Viðgerðin var kostuð af Sveitarfélaginu Árborg í samræmi við samkomulag um Húsið á Eyrarbakka frá 19. október 1992.

Meðal viðhaldsverkefna framundan má nefna viðgerðir á útihúsunum sem enn bíða þess að verða nothæf sem safnhús. Samkvæmt áður nefndu samkomulagi um Húsið ber ríkissjóði að sjá um það verk.

### **Sjóminjasafnið á Eyrarbakka**

Ýmislegt var gert er varðar sérmálefni Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Meðal annars má nefna að bátum Magnúsar Magnússonar í Laufási var stillt upp fyrir framan safnhúsið. Með tilkomu þjónustuhúss Byggðasafns Árnesinga urðu nokkrar breytingar til batnaðar á varðveislumálum safnsins, en Sjóminjasafnið nýtir það samhliða Byggðasafninu og Byggðasafnið nýtir Mundakotsskemmu, aðstöðuhús Sjóminjasafnsins, fyrir stærri gripi sína.

Í febrúar bauð Sjóminjasafnið á Eyrarbakka safnvörðum sjóminjasafna að halda fund á Eyrarbakka um stefnumörkun sjóminjasafna. Annan slíkan fund sótti safnstjóri í september á Hornafirði. Endanleg niðurstaða hefur ekki fengist í viðræðum safnamannanna.



Örlygur Kristfinnsson á Siglufirði hefur orðð á fundi safnamanna í febrúar 2002.

Stétt fyrir framan inngang Sjóminjasafnsins var endurnýjuð á árinu. Jafnframt voru þak og bárujárnklæddar hliðar Beitningaskúrsins við Óðinshús málaðar en vegna veðurs tókst ekki að bera á timburhlið skúrsins.

Safnstjóri skrifaði eigendum Sjóminjasafnsins bréf þar sem vakin var athygli á Beitningaskúrnum sem fyrirhugað er að opna til sýningahalds þegar fjármagn fæst til sýningargerðar.

Skýrsla var gerð á haustmánuðum um reynsluna af samrekstri safnanna – fyrir Menningarnefnd Árborgar.

Á árinu undirbjó safnstjóri þátttöku safnanna á Eyrarbakka í skráningarkerfinu Sarpi sem er samræmdur gagnagrunnur rekin af Þjóðminjasafni Íslands. Verður byrjað á skráningu ljósmyndasafns Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka um leið og aðstæður leyfa.

### **Þuríðarbúð á Stokkseyri**

Nokkrum gömlum gripum sem safnað var til Þuríðarbúðar árið 1949 var stillt upp í Þuríðarbúð auk þess sem sett voru upp textaspjöld með margvíslegum fróðleik um búðina, verbúðarlíf og síðustu endurgerð. Segja má að búðin standi vel undir nafni sem sýnishorn af aumum vistarverum vermanna fyrir á tímum. Hún var endurgerð sumarið 2001.

### **Samstarf við önnur söfn**

Byggðasafn Árnesinga lánaði Geysisstofu í Haukadalegg uppstoppuð dýr til sýningar. Um er að ræða flestöll húsdýrin úr náttúrugripadeild safnsins. Safnið lánaði tvo gripi í Saltfisksetrið í Grindavík, uppstoppaðan fugl og líkan Kristins Jónassonar af árabátum Farsæl.

Starfsmenn minjadeildar RARIK komu að máli við safnstjóra í júní og ræddu áhuga á samstarfi um varðveislu gamallar spennistöðvar milli Stokkseyrar og Eyrarbakka. Tekið var jákvætt í erindið.

Í júní kannaði safnstjóri með starfsmönnum Atvinnuþróunarsjóðs möguleika á rekstri safnaseturs að Hrísmýri 6, Selfossi, í húsi þar sem Sverrir Andrésson hefur komið á fót fornbílastofu. Ekki reyndist fjárhagslegur grundvöllur vera fyrir því að nýta allt húsið í þágu sýningarreksturs.

Safnið lánaði stöku sinnum gripi í sýningakassa í anddyri Bæjar- og héraðsbókasafnsins á Selfossi.

Safnið er í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, Héraðsskjalasafn Árnesinga, Listasafn Árnesinga og Bæjar- og héraðsbókasafn Árnesinga um mál sem tengjast söfnunum sameiginlega. Safnið aðstoðar jafnframt önnur minjasöfn í héraðinu eftir föngum, m.a. Baugsstaðarjómabú og Minjasafnið í Gröf, Hrunamannahreppi.

## Námskeið og fundir

Safnstjóri undirbjó og sat fund um stefnumótun í þjóðminjavörslu á Skógum undir Eyjafjöllum 2. júlí. Fundinn sátu safnverðir á öllu Suðurlandi, auk ferðaþjónustuaðila, formanna menningarnefnda, nefndarmanna í stjórnnum safna, sveitarstjórnarmanna og alþingismanna. Um 22 manns sóttu fundinn sem heppnaðist vel, - þrátt fyrir að skort hafi á þátttöku sveitarstjórnarmanna í Árnassýslu. Fundurinn var haldinn að tilstuðlan Þjóðminjasafns Íslands og er liður í allsherjar stefnumótun í þjóðminjavörslu. Niðurstaðna er að vænta árið 2004.

Farskóli Félags íslenskra safna og safnmanna var haldinn dagana 11.-13. september á Höfn í Hornafirði. Yfirskrift skólans var: "Undir nýjum safnalögum". Farskólinn er vettvangur fræðslu og símenntunar þeirra er starfa á minja-, lista-, og náttúrufræðisöfnum landsins. Fjallað var um hlutverk og stöðu höfuðsafna. Þá var íslensk safna- og menningarpólitík í brennidepli pallborðsumræðna þar sem þátt tóku fulltrúar allra þingflokka og höfuðsafna. Erlendir fræðimenn héldu fyrirlestra og fjölluðu m.a. um sýningagerð. Framsögur voru um áætlanagerð, markaðssetningu, kynningu, sjóði og styrki. Í erindi fulltrúa Brunamálastofnunar var umræðunni enn fremur beint að brunavörnum í söfnum og þjónusturýmum safna.

Safnstjóri sat námskeið á vegum Fræðslunets Suðurlands um Gissur Þorvaldsson jarl. Safnstjóri flutti stutta tölu á áttahaganámskeiði um Sögu Biskupstungna.

## Styrkir

Húsafriðunarsjóður styrkti Húsakönnun á Stokkseyri um 400 þúsund og Húsakönnun á Eyrarbakka (útgáfu) um 60 þúsund krónur.

Ríkissjóður jók framlög sín um 53% milli ára og var ríkisframlagið 1,9 milljónir krónur og framlag til Sjóminjasafnsins nam 400 þúsundum krónum.

## Eggjaskúrinn endurbyggður!

Vorið 2000 var komið að máli við safnstjóra og honum kynnt að Vestur Íslendingur Arne Ríchter að nafni, afkomandi Þórðar Guðmundssonar sýslumanns á Litla-Hrauni, hefði áhuga á að gefa til menningarverkefni á Eyrarbakka, sem hefði skírskotun til þess umhverfis og tíma sem forfeður hans bjuggu við á 19. öld. Í samráði við ýmsa m.a. Þjóðminjasafn Íslands var lagt til að umræddu gjafafé, 10.000\$ yrði varið til að endurbyggja Eggjaskúrinn svokallaða sem stóð norðan Assistentahússins um fjöggra áratuga skeið á tímabilinu við aldamótin 1900. Þar var unnið merkilegt rannsóknarstarf á sviði fuglarannsóknna og veðurfarslýsinga af Peter Nielsen faktor. Vel hefur verið tekið í þessa tillögu og var á árinu 2001 sett saman skýrsla um Eggjaskúrinn sem nýtist til kynningar

á skúrnum og væntanlegri endurbyggingu. En ljóst er að jafnmiklu fé þarf að afla til viðbótar væntanlegum byggingarstyrk Arne Richters. Á árinu 2002 kynnti safnstjóri fyrirhugaðar framkvæmdir með það fyrir augum að geta komið verkinu af stað sumarið 2003.

### **Húsakönnun á Stokkseyri**

Starf húsakönnunarinnar lá niðri að mestu leyti á árinu. Þó var einn vinnufundur haldinn í starfshópi húsakönnunarinnar og er staða verksins sú að til eru fullmótaðar hugmyndir ráðgjafa verkefnisins og drög að handriti að húaskrá. Stefnt er að útgáfu og lokum verkefnisins á seinni hluta 2003.

### **Þjónustuhús Byggðasafns Árnesinga**

Ánægjulegasti þáttur í starfsemi Byggðasafns Árnesinga árið 2002 voru framkvæmdir við byggingu Þjónustuhúss Byggðasafns Árnesinga, framkvæmd sem hófst á haustdögum 2001 eftir fimm mánaða undirbúningstíma.



**Stjórn og safnstjóri á nýrri skrifstofu.**

Bygging þessi á sér nokkra forsögu. Frá því ákvörðun var tekin um flutning starfsemis Byggðasafns Árnesinga til Eyrarbakka árið 1992 varð þá strax ljóst að samhliða glæsilegri sýningaraðstöðu í Húsinu á Eyrarbakka þyrfti safnið aðstöðu til að varðveita þá gripi sína sem ekki væru til sýnis hverju sinni. Ýmsar leiðir voru reifaðar til lausnar geymslumálum - án sýnilegs árangurs.

Í desember árið 1999 var lögð fram tillaga í Héraðsnefnd Árnesinga um að húsnæðismálin yrðu leyst með nýbyggingu og jafnframt yrði þar öll vinnuástaða starfsmanna safnsins vegna innra starfs safnsins. Með innra starfi er átt við varðveislu, skráningu, rannsóknunum, forvörslu og viðgerðum á safngripum, almennu skrifstofuhaldi safnsins og aðstöðu til að vinna að þróunarstarfi og undirbúningi að uppsetningu sýninga. Brýnasta þörf safnsins var fyrir varðveisluaðstöðu. Safnið hafði, eins og mörg önnur söfn, verið á hrakhólum með safngripi en erfiðlega hefur gengið að fá ráðamenn til að hlusta á rödd safnmanna um að söfn skuli samhliða sýningaraðstöðu eiga jafngóða varðveisluaðstöðu.



Á umræddum héraðsnefndarfundi í desember 1999 var tekið jákvætt í tillögu safnsins um að leysa húsnaðismálin með nýbyggingu. Var safnstjóra, ásamt fjárhaldsmanni Héraðsnefndar, falið að leggja fram fullmótaða kostnaðaráætlun miðaða við lýsingu á þörfum safnsins og kostnað á hvern fermetra. Í febrúar 2000 var safninu úthlutað lóð að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Að loknum héraðsnefndarfundi í maí 2000 var auglýst alútbod á 250-300 fm húsi. Ekkert tilboð barst. Þá var ákveðið að fresta framkvæmdinni um sinn og jafnframt kannaður betur möguleiki á að fá til umráða húsið Miklagarð norðan kirkjunnar. Þegar sú leið þótti ekki heppileg og í mars 2001 var ákveðið að reyna aftur með útbod á hönnuðu húsi.

Héraðsnefnd Árnesinga skipaði á vorkundi 2001 byggingarnefnd um þjónustuhús Bygðasafns Árnesinga. Nefndina skipuðu Hjörleifur Brynjólfsson oddviti Ölfuss, Karl Björnsson bæjarstjóri Árborgar og Sigurður Steindórsson Eyrarbakka. Starfsmaður nefndarinnar var safnstjóri Lýður Pálsson. Sigurði Hallgrímssyni arkitekt frá Arkitektastofunni Arkþing í Reykjavík, ásamt undirhönnuðum var falið að hanna hús með þarfar safnsins í fyrirrúmi. Stærð hússins var ákveðin 350 fm er ljóst varð að hluti dýrasafnsins á Selfossi yrði komið til varðveislu í þessu húsi. Skrifstofuhluti hússins er fimmtungur af gólfleti.



Íslenskir safnamenn á fundi í þjónustuhúsi Bygðasafns Árnesinga þann 18. nóvember 2002.

Þann 5. október 2001 var tekin fyrsta skóflustungan að húsinu. Lægstbjóðandi í verkið, Smíðandi ehf, sá um framkvæmdir og var í ársbyrjun 2002 búið að reisa húsið og klæða. Áfram héldu framkvæmdir, fljótlega var gólfplata hússins steypst og vinna við innréttingu hófst. Smíðir luku störfum um miðjan apríl og var þjónustuhúsið afhent safninu með viðhöfn föstudaginn 19. apríl. Um framkvæmdir þessar má fræðast frekar á slóðinni [http://www.husid.com/bygdasafn\\_thjonustuhus.html](http://www.husid.com/bygdasafn_thjonustuhus.html).

Segja má að með þeim degi hafi hafist seinni áfangi við að leysa úr varðveislumálum safnsins en í febrúarbyrjun hófu starfsmenn safnsins undirbúning að flutningi safnmuna í þjónustuhúsið með pökkun þeirra. Var unnið að flutningi safnmuna í þjónustuhúsið samhliða hefðbundnum störfum starfsmanna. Jafnframt flutningi safngripa ofan af Selfossi voru ýmsir gripir Sjóminjasafnsins fluttir úr Mundakotsskemmu, aðstöðuhúsi Sjóminjasafnsins, í þjónustuhúsið. Ljósmyndasafni

Sjóminjasafnsins var einnig komið fyrir í þjónustuhúsinu en það hefur verið varðveitt á hreppskrifstofu Eyrarbakka í Blátúni frá því markviss skráning ljósmynda hófst fyrir tæpum tveimur áratugum. Eftirfarandi skrá gefur góða lýsingu á umfangi verksins:

|   | <b>Staðsetning var:</b>           | <b>Staðsetning varð:</b>   |
|---|-----------------------------------|--|
| Skrifstofa Byggðasafns Árnesinga                              | Í austurenda á annari hæð Hússins | Þjónustuhúsi Hafnarbrú 3 - skrifstofa                              |
| Safnmunir á skrifstofu í Húsinu                               | Í austurenda á annari hæð Hússins | Þjónustuhúsi Hafnarbrú 3 - rekkasalur                              |
| Safnmunir "undir súð" í Húsinu                                | Í ýmsum skúmaskotum í Húsinu      | Þjónustuhús  |
| Safnmunir "amboð" og nýleg aðföng                             | Í útihúsum "hjalli"               | Þjónustuhús/á sýningu í "hjalli"                                   |
| Ósottir safnmunir   | Hjá gefendum                      | Þjónustuhús/Mundakotsskem ma                                       |
| Safngripir varðveittir í skjalaöskjum                         | Tryggvagötu 23 (Listasafni)       | Þjónustuhús Hafnarbrú 3 - rekkasalur                               |
| Safngripir varðveittir í dýrasafni                            | Tryggvagötu 23 (Listasafni)       | Þjónustuhús Hafnarbrú 3 - salur                                    |
| Náttúrugripir varðveittir í dýrasafni                         | Tryggvagötu 23 (Listasafni)       | Þjónustuhús Hafnarbrú 3 - salur / á sýningu í Geysisstofu Haukadal |
| Baðstofuviðir í Hótel Selfossi                                | Hótel Selfoss                     | Mundakotsskemma  |
| Safnmunir, stór húsgögn ofl.                                  | Hótel Selfoss kjallari            | Þjónustuhús, loft yfir skrifstofurými                              |
| Safnmunir, steinar og grófir gripir                           | Geymslugámur                      | Mundakotsskemma/Þjónustuhús  |
| Safnmunir frá Sjóminjasafninu                                 | Mundakotsskemma                   | Þjónustuhús  |
| Ljósmyndasafn Sjóminjasafnsins                                | Blátún Túngötu 40                 | Þjónustuhús Hafnarbrú 3, rekkasalur                                |
| Safngripir Sjóminjasafnsins í skjalaöskjum – smágripir, skjöl | Blátún Túngötu 40                 | Þjónustuhús Hafnarbrú 3, rekkasalur                                |

Flutningum var að mestu lokið um miðjan nóvember. Þá komu íslenskir safnamenn í hópferð á Eyrarbakka og litu á öll húsakynni þau sem tilheyra safnarekstrinum.

### Íslensku safnaverðlaunin 2002

Félag íslenskra safna og safnamanna og Íslandsdeild ICOM alþjóðasamtaka safnamanna hafa staðið fyrir Íslensku safnaverðlaunum undanfarin ár og eru veitt söfnum sem hafa skarað framúr á einhverju sviði safnastarfsins. Árið 2000 fékk Síldarminjasafnið á Siglufirði verðlaunin fyrst safna og 2001 fræðsludeild Listasafns Reykjavíkur. Byggðasafn Árnesinga fékk verðlaunin árið 2002 fyrir byggingu þjónustuhúss og metnaðarfullt innra starf. Í Morgunblaðinu birtist frétt um verðlaunin:

#### **“Byggðasafn Árnesinga hlaut Íslensku safnaverðlaunin ...**

*BYGGÐASAFN Árnesinga hlaut Íslensku safnaverðlaunin árið 2002, fyrir byggingu á þjónustuhúsnæði safnsins sem var fullfrágengið í apríl sl. Verðlaunin voru afhent 12. september síðastliðinn á farskóla safnamanna sem haldinn var á Höfn í Hornafirði. Það var Björn Bjarnason, fyrrverandi menntamálaráðherra, sem afhenti verðlaunin. Safnið hlýtur verðlaunin vegna áherslu á faglegt innra starf og framsýni sem lýsir sér í byggingu nýs þjónustuhúsnæðis. Í álitsgerð dómnefndar segir: "Segja má að Byggðasafn Árnesinga hafi frá upphafi glímt við aðstöðuleysi svo sem fleiri söfn í landinu gera. Árið 1995 hófst*

uppbyggingarskeið hjá safninu þegar opnaðar voru nýjar sýningar í Húsinu og Assistantahúsinu á Eyrarbakka. Þá höfðu bæði húsin hlotið gagngera viðgerð en eftir stóð að rými vantaði fyrir innra starf safnsins, þ.e. söfnun, varðveislu, skráningu og sýningagerð. Innra starf safnanna er grundvöllur þess sem blasir við hinum almenna safngesti. Skráning og yfirsýn starfsmanna yfir safnkostinn, traustur og öruggur aðbúnaður hans eru mikilvægustu þættir þess að safnstarfið þrífist til framtíðar.

Þetta hefur verið leiðarljós forráðamanna Byggðasafns Árnesinga sem báru gæfu til þess að leysa frumþarfir stofnunarinnar með uppbyggingu hinnar glæsilegu vinnu- og þjónustuaðstöðu safnsins á Eyrarbakka. Húsið var reist á skömmum tíma en frá því að framkvæmdin var boðin út í september 2001 liðu aðeins átta mánuðir þar til verktaki afhenti húsið fullbúið 19. apríl. Staðsetning þess í þorpinu á afmarkaðri lóð utan sjálfs safnsvæðisins er prýðileg. Vinnustaða fyrir starfsmenn safnsins er mjög góð og vinnan við að koma safngripunum í framtíðarhúsnæði er spennandi verkefni. Það væri fengur fyrir safnastarfsemi á Íslandi ef fleiri söfn ættu þess kost að tryggja starfsemi sína og varðveislu muna með svipuðum hætti og aðstandendur Byggðasafns Árnesinga á Eyrarbakka hafa búið sínu safni." Lýður Pálsson, safnstjóri Byggðasafns Árnesinga, hefur veitt safninu forystu í þeirri uppbyggingu sem safnið hefur gengið í gegnum á undanförunum árum. Hann tók við verðlaununum og sagði m.a. við það tækifæri: "Ég vona svo sannarlega að úthlutun Íslensku safnaverðlaunanna eigi eftir að vekja athygli ráðamanna á mikilvægi þess að söfnum sé búin góð innri aðstaða til starfsemi sinnar og að slík vinnuaðstaða verði sjálfsögð á hverju safni hér á landi." (Mbl. 21.9.2002)



Safnstjóri þakka fyrir sig, formaður safnsins fylgist með.

## Minning

Skúli Helgason fræðimaður frá Svínavatni í Grímsnesi lést þann 25. maí á árinu, 86 ára að aldri. Skúli vann merkt brautryðjendastarf fyrir Byggðasafn Árnesinga þegar hann var fenginn í söfnun gripa fyrir safnið. Vann Skúli af miklum áhuga að söfnun gripa eins og aðfangabók frá hans tíma ber vott um. Í héraðsfréttablaðinu Suðurlandi nokkrum árum fyrir opnun safnsins árið 1964 greinir Skúli Guðmundi Daníelssyni ritstjóra frá söfnun sinni og skýrir sögu ýmissa þeirra gripa sem safninu höfðu verið gefnir. Gripi þessa varðveitti hann í kjallara íbúðarhúss síns að Ártúni 13 á Selfossi. Þetta var

dæmi um ötult starf og fórnfýsi frumherjans Skúla Helgasonar. Er víst að saga Byggðasafns Árnesinga væri önnur ef honum hefði auðnast að starfa lengur við safnið og framkvæma sínar hugmyndir um safnamenningu á Selfossi.

## Aðföng til safnsins

Með reglulegu millibili berast safninu gripir sem taldir eru af gefendum og safnverði hafa varðveislugildi. Reyndar er nokkuð tilviljunarkennt hvað fer á safn og hvað ekki en það fer eftir aðstæðum hverju sinni. Skipulagðar söfnunarferðir hafa ekki verið farnar í áratugi eða frá tímum Skúla Helgasonar sem hóf öflugt söfnunarstarf fyrir sýslunefndina á 6. áratugnum. Nokkrar umræður urðu meðal áhugamanna um safnamál og safnstjóra um hvaða stefnu skyldi taka og er ekki loku fyrir það skotið að á næstunni verði farnir könnunarleiðangar um Árnæssýslu til að athuga hvar liggja merkir gripir sem vert væri að varðveita.

Ekki er rúm í þessari skýrslu til að greina frá öllum þeim gripum sem bárust til safnsins árið 2002 en öll aðföng eru tölvuskrað eins fljótt og unnt er. Í ársskýrslu 2001 var greint frá gjöf Helga Ívarssonar í Hólum. Var á þessu ári haldið áfram að skrá umrædda gripi sem munu væntanlega nálgast þriðja hundraðið að tölu þegar upp verður staðið.

Um vorið var Sjóminjasafninu færð að gjöf tveir bátar sem notaðir voru við lax- og selveiðar í Ölfusá. Annar þeirra smíðaður af Sigurjóni í Stéttum í Hraunshverfi um 1918.

Úr fórum Kristins Jónassonar organista og rafstöðvarstjóra á Eyrarbakka bárust klukka og langspil gerð af honum sjálfum. Gjöf til Sjóminjasafnsins.

Í ágúst var safninu færður til varðveislu rússajoppi Steinars Tómassonar í Helludal, Biskupstungum, árgerð 1956.

Þann 14. ágúst kom Guðbjörg Haraldsdóttir Bay í Húsið og færði safninu góðar gjafir. Í Morgunblaðinu birtist frétt um gjöfina:

### **“Byggðasafni Árnesinga færð góð gjöf**

*BYGGÐASAFNI Árnesinga var færð einstæð gjöf, listaverk eftir Agnesi Lunn, miðvikudaginn 14. ágúst. Tvö verkanna eru gifsmyndir af íslenskum hestum og tvær stórar vatnslitamyndir, önnur af lestarferð með afurðir í kaupstaðinn og hin af lest á leið heim með kaupstaðarvarninginn. Gefandinn var Guðbjörg Haraldsdóttir Bay, sonardóttir Péturs Guðmundssonar sem var skólastjóri Barnaskólans á Eyrarbakka í meira en aldarfjórðung. Guðbjörg hefur búið í Danmörku um langt skeið.*

*Listaverkin sem hún nú færði safninu að gjöf keyptu Guðbjörg og eiginmaður hennar af ekkju Lefoliis kaupmanns, Alexöndru, sem var fermingarsystir tengdamóður Guðbjargar og þannig kunnleikar á milli.*

*Agnes Lunn dvaldi á Eyrarbakka á hverju sumri í byrjun 20. aldar og byggðust tengsl hennar við Eyrarbakka á vináttu hennar við kaupmannsfjölskylduna Lefolii. Á Eyrarbakka gekk hún undir nafninu fröken Lunn, en hún hét fullu nafni Agnes Catinka Wilhelmine Lunn, virtur danskur listamaður. Fröken Lunn virðist hafa tekið ástfóstri við íslenska hestinn, því af honum gerði hún margar gifsmyndir og málverk.*

*Í grein eftir Ingu Láru Baldvinsdóttur í Árbók Listasafns Sigurjóns Ólafssonar um fröken Lunn leiðir hún líkur að því að frökenin hafi haft mikil áhrif á Sigurjón enda var hún að móta og mála í næsta nágrenni við heimili hans í Einarshöfn þegar hann var að alast upp.”*

(Mbl. 17. ág. 2002)

## Gefendur á árinu voru þessir:

**Til Byggðasafns Árnesinga:**  
Jón Sigurðsson, Reykjavík

Erlingur Brynjólfsson, Austurvegi 33, Selfossi  
Markús Þorkelsson og Margrét Öfjörð, Selfossi  
Guðbjörg Haraldsdóttir Bay, Danmörku  
Árni E. Blandon, Selfossi  
Guðrún Einarsdóttir, Selfossi  
Jóhann Helgi Konráðsson, Selfossi  
Kaupás ehf  
Sigurður Ingi Gunnlaugsson, Garðabæ  
Þór Hagalín, Eyrarbakka  
Jakob Sigurðsson, Garðabæ  
Kristín Guðnadóttir, Reykjavík  
Db. Aldísar Pálsdóttur, Litlu-Sandvík  
Elín Sigurðardóttir, Eyrarbakka  
Alpan ehf  
Db. Elínar Jónassonar, Selfossi  
Hlöðver Þorsteinsson, Eyrarbakka  
Db. Olgu Ingimarsdóttur, Eyrarbakka  
Gylfi Guðmundsson, Selfossi  
Db. Steinars Tómassonar, Helludal

**Til Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka:**

Bjarnfinnur Ragnar Jónsson, Eyrarbakka  
Guðmundur Sæmundsson, Eyrarbakka  
Úlfur Hjörvar, Færeyjum  
Ekkja Kristins Jónassonar

4. júní 2003, að Hafnarbrú 3, Eyrarbakka,

*Lýður Pálsson safnstjóri*